

**26. fundur skipulagsnefndar**  
**haldinn í fundarsal á 3. hæð, mánudaginn 20. janúar 2025**  
**og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Steindór Hjaltalín Þorsteinsson, Hilmar Hallvarðsson, Kári Geir Jensson,  
Ásgeir Gunnar Jónsson, Aron Bjarni Valgeirsson, Þuríður Ragna Stefánsdóttir  
og Jakob Björgvin Jakobsson.

**Fundargerð ritaði:** Þuríður Ragna Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK) - 2206035**

Skipulagshönnuður kemur til fundar og gerir grein fyrir stöðu máls vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Kallhamar og Hamraenda.

*Skipulagsnefnd þakkar skipulagsönnuði fyrir kynninguna og telur þær áherslur sem þar koma fram séu í samræmi við áherslur nefndarinnar.*

**2. Víkurhverfi - Deiliskipulagsbreyting vestan Borgarbrautar - 2306038**

Skipulagshönnuður kemur til fundar og gerir grein fyrir hugmyndum að deiliskipulagsbreytingum vestan Borgarbrautar.

*Skipulagsnefnd þakkar fyrir kynninguna á þeirri vinnu sem fram fór haustið 2021 samhliða öðrum breytingum sem verið var að vinna að á þeim tíma. Vegna áhuga byggingaraðila um samstarf við uppbyggingu á svæðinu til að hraða uppbyggingu er mikilvægt að ákvörðun sveitarfélagsins um slíkt samtarf liggja fyrir áður en vinu við skipulag á svæðinu verði haldið áfram.*

**3. Stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi - 2110019**

Lagt fram erindisbréf starfshóps um stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi. Bæjarstjóri gerir grein fyrir þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd lýsti, á 4. fundi sínum, yfir áhuga nefndarinnar á að halda áfram vinnu starfshópsins.

Bæjarstjórn samþykkti á 30. fundi sínum að fela umhverfis- og náttúruverndarnefnd að halda áfram vinnu starfshópsins í samræmi við fyrirliggjandi erindisbréf.

*Skipulagsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi vinnu og lýsir yfir vilja til þess að fá til skoðunar hugmyndir til umfangar á síðari stígum. Skipulagsnefnd vill þó leggja áherslu á að leitað verði umsagnar Rarik áður en farið verði í gróðursetningar á svæðum þar sem finna má lagnaleiðir.*

**4. Hraðhleðslustöðvar - 2405055**

Bæjarráð veitti HS orku vilirði um aðstöðu/lóð við hlið Atlantsolíu á 23. fundi sínum. Fulltrúar HS orku koma til fundar við skipulagsnefnd til að ræða stöðu máls og frekari

staðsetningar sem kunna að koma til greina.

*Skipulagsnefnd þakkar fulltrúa Instavolt Iceland ehf. fyrir greinargóða yfirferð yfir áherslur og vilja félagsins til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum í Stykkishólmi. Nefndin vísar málinu til frekari vinnslu hjá skipulagsnefnd.*

**5. Birkilundur 16 - fyrirspurn um uppskiptingu lóðar - 2407003**

Lögð fram endurnýjuð umsókn Sigurbjarts Loftssonar vegna Birkilundar 16 og 16a.

*Skipulagsnefnd tekur fram að aðal- og deiliskipulag Birkilundarsvæðisins er á lokastigi hjá Skipulagsstofnun og stutt í að það taki gildi. Ef ekkert er því til fyrirstöðu sér nefndin ekki ástæðu til þess að aftra stofnun lóðirinnar á grunni fyrirliggjandi skipulagsuppráttar.*

**6. Uppbygging fyrir eldra fólk - Skipulagsvinna við svæði Tónlistarskólans - 2501007**

Lögð er fram skýrsla starfshóps um málefni 60 ára og eldri þar sem hugmyndir um uppbyggingu fyrir eldra fólk og framtíðarsýn á svæði Tónlistarskóla Stykkishólms eru kynntar. Hugmyndir um framtíðarsýn svæðisins og næstu skref eru teknar til umræðu í skipulagsnefnd.

*Skiplagsnefnd óskar eftir heimild bæjarráðs til þess að skoða málið áfram með skipulagsfulltrúa.*

**7. Gönguleiðir og forgangsröðun göngustíga - 1904037**

Lagðar fram áherslur umhverfis- og náttúruverndarnefndar vegna gönguleiða í Stykkishólmi ásamt drög að greinargerð vegna forgangsröðunn gönguleiða.

*Skiplagsnefnd tekur undir forgangsröðun umhverfis- og náttúruverndarnefndar og að hvetur til þess að farið verði í framkvæmdir við stígagerð í sumar.*

**8. Umferðaröryggi í Stykkishólmi - 1907010**

Lagðar fram tillögur að hraðatakmarkandi aðgerðum til að auka umferðaröryggi í Stykkishólmi. Tillögurnar byggja m.a. á umferðaröryggisáætlun Stykkishólms sem unnin var af VSÓ árið 2022.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögur og leggur áherslu á mikilvægi þess koma til móts við umferðaröryggi í Stykkishólmi með áherlu á Silfugötu, Nesvesi og Borgarbraut í samræmi við þær tillögur sem lagðar eru fram, ef samkomulag náist við lóðarhafa þar sem við á.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45**

26. fundur skipulagsnefndar  
21.01.2025

---

Kári Geir Jensson

---

Ásgeir Gunnar Jónsson

---

Aron Bjarni Valgeirsson

---

Þuríður Ragna Stefánsdóttir

---

Jakob Björgvin Jakobsson